

Sp. 337. Tillaga til þingsályktunar [129. mál]
um undirbúning að stofnun hressingarhælis í Reykjanesi við Ísafjarðardjúp.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Hannibal Valdimarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um athugun skilyrða til stofnunar hressingarhælis fyrir heilsuveilt fólk í Reykjanesi við Ísafjarðardjúp. Verði í því sambandi leitað álits og tillagna landlæknis um fyrirkomulag og starfsemi slíkrar stofnunar.

Greinargerð.

Í Reykjanesi við Ísafjarðardjúp er hiti mikill í jörðu. Fjöldi hvera og lauga er þar dreifður um allstórt svæði. Náttúruauðævi þessi eru enn þá lítt notuð. Héraðsskóli Norður-Ísfirðinga, sem er á staðnum, og húsi, er tilheyra honum, eru að vísu hituð með hveravatni. Enn fremur hefur fyrir all löngu verið byggð þar opin sundlaug, sem er ein hin stærsta og myndarlegasta á landinu. Í sambandi við hana er einnig gufubaðstofa og sólbaðsskýli.

Hér á landi er mikill skortur margs konar heilbrigðisstofnana, sjúkrahúsa, hressingarstaða og heilsuhæla. Þer brýna nauðsyn til þess, að úr þeim skorti verði bætt eins fljótt og þjóðin hefur efni til þess að ráðast í byggingu þeirra. Með tillögu þessari er lagt til, að athuguð verði skilyrði á einum hinna heitu staða landsins til byggingar og rekstrar einnar slíkrar stofnunar. Fljótt á litið virðist Reykjanes vera tilvalinn staður fyrir hressingarhæli, þar sem heilsuveilu fólki gæfist tækifæri til hvíldar og hressingar. Þar er gnægð af heitu vatni úr iðrum jarðar. Þar er ágætur sjóbaðstaður, þar sem sjór er heitur af hveravatni. Enn fremur er líklegt, að auðvelt sé að koma þar við leirböðum og fleiri læknisráðum. Skilyrði til íþróttaiðkana eru þar einnig hin beztu. Við jarðhitann má rækta margs konar grænmeti.

Af þessum ástæðum er það mjög æskilegt, að fram verði látin fara athugun sú, sem tillaga þessi gerir ráð fyrir. Þegar hún hefur verið framkvæmd, þyrfti að setja löggjöf um stofnun hressingar- eða heilsuhælis á þessum stað, ef hann teldist heppilegur til þess, en það er skoðun flutningsmanna, að svo sé.